



Aðalskipulag Reykhólahrepps 2021-2033 - Kynning tillögu á vinnslustigi

Reykhólahreppur hefur birt vinnslutillögu að Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2021-2033 til kynningar á vefnum: www.skipulagreykholahrepps.com. Tillagan er sett fram í greinargerð, á fimm skipulagsuppdráttum á þremur kortablöðum og þremur þemauppdráttum, auk umhverfismatsskýrslu.

Íbúar og aðrir hagaðilar eru hvattir til að kynna sér skipulagsgögnin og senda ábendingar, ef einhverjar eru, til skipulagsfulltrúa á netfangið skipulag@dalir.is fyrir **20. nóvember 2021**. Ábendingar má einnig senda á heimilisfangið: Skrifstofa Reykhólahrepps, Stjórnsýsluhúsinu við Maríutröð, 380 Reykhólahreppur.

Kynningin er á grundvelli 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Unnið verður úr ábendingum sem berast áður en gengið verður frá tillögu og umhverfisskýrslu til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Þá gefst lögbundinn 6 vikna athugasemdafrestur áður en gengið verður frá nýju aðalskipulagi til lokaafgreiðslu sveitarstjórnar.

Þórður Már Sigfússon,
Skipulagsfulltrúi Reykhólahrepps